

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisstjórnuneytið, 11. júní 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Fellahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001 frá 5. febrúar 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að íbúðarsvæði við enda götunnar Hamrafells færast austar inn á grænt opið svæði.

Hreppsnefnd Fellahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisstjórnuneytið, 11. júní 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Skútustaðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi sem staðfest var 30. júní 1986.

Breytingin er fölginn í því að verslunarlóð á miðsvæði stækkar og verndunarsvæði Sauðahellis minnkar að sama skapi.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur með yfirlýsingu þann 9. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisstjórnuneytið, 11. júní 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*